

165. fundur Stjórnarfundur Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

Stjórnarfundur haldinn í Fjölheimum 10.12.2025 kl. 16.30.

Mættir: Hulda Kristjánsdóttir, sem stýrði fundi, Valdimar Hafsteinsson ritari, Halldóra S. Sveinsdóttir, Ester Ýr Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Magðalena Jónsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar er staddur erlendis.

1. Rekstraráætlun ársins 2026

Rekstraráætlun fyrir árið 2026 lögð fram, gert er ráð fyrir tekjum kr. 206,1 milljónir. og 199,5 í gjöld. Sem er rétt um 5% aukning í báðum liðum miðað við horfur ársins 2025. Hagnaður er áætlaður svipaður og 2025 sem er ca. 6,6 milljónir. Framkvæmdastjóra falið að vinna að kortlagningu kostnaðarskiptingar húsaleigu og rekstrarkostnaðar Fjölheima í samvinnu við framkvæmdastjóra háskólafélagsins.

2. Húsnæðismál

Rætt um óvissu í húsnæðismálum og framtíðarmöguleika.

3. Önnur mál

Fréttir úr starfseminni:

Fræðslunetið hefur staðist gæðavottun til næstu þriggja ára samkvæmt gæðaferlum EQM+.

Fræðslunetið útskrifaði þann 9. des. 17 nemendur úr „Fagnámi fyrir starfsmenn í heilbrigðis og félagsþjónustu“, slíkur hópur er sá fyrsti í mörg ár. Haustútskrift fleiri hópa verður þann 16. des.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:30

Valdimar Hafsteinsson ritaði fundargerð